



Andlegt Líf með Vestur-Íslendingum

Andlegt líf hveðrar þjóðar er, einsog vænta má, margbrotið jafnvel þó það sé ekki fjölskrúðugt. Í raun réttir tilheyrir alt sem menn hugsa andlega lífinu, þó vanalega sé það látið ná aðeins yfir þær hugsanir, sem ekki standa í beinu sambandi við hina verklegu og hagfræðislegu hlið lífsins. Gamla skiftingin í andlegt og veraldlegt samkvæmt trúarbragðalegum hugmyndum er að mestu horfin, en þrátt fyrir það er þó of mikill munur ennþá gerður á því sem framkvæmdalífinu tilheyrir og hinu sem ekki snertir það beinlínis. Þess er vanalega ekki nógu vel gætt að allt á sér fyrst stað í hugsunum einhverra manna. Hversu óaðskiljanlegt hið verklega, jafnvel einföld vinna getur verið frá hugsununum sézt bezt er listin á einhvern hátt kemur í ljós í starfinu.

En til þess að tala um andlegt líf í vanalegum skilningi er réttast að takmarka það við skáldskap, vísindi, listir, trúarbrögð og heimspeki. Og hvernig lítur þá þessi fjölbreytti akur út hjá oss Vestur-Íslendingum?

Það skal strax tekið fram, að vér Vestur-Íslendingar erum þjóðernislega tvískiftir. Þeir sem hafa komið fullvaxnir af Íslandi draga því nær alla sína andlega næringu frá föðurlandinu. Eg tel ekki þó menn lesi eitthvert hrafl af blöðum og tímaritum.

Þeir aftur á móti, sem hafa fluzt hingað á unga aldri, eða eru fæddir hér af íslenskum foreldrum draga sína andlega næringu mestmegins frá hinum enskumælandi þjóðum. Að vísu eru nokkrir til, sem hægt er að segja um, að þeir geti notað sér jafnt það sem kemur frá hinni íslensku þjóð, sem það er kemur frá enskumælandi þjóðum, en tiltölulega eru þeir ekki margir sem það geta gert svo full not séu að. Þetta ástand er óhjákvæmi-legt en það veldur því, að í voru vestur-íslenska þjóðlífi, ef þjóðlíf má kalla, eru erfiðleikar til, sem ekki þekkjast þar sem um eitt mál og eina þjóðernistilfinningu er að ræða.

Skáldskapurinn hefir æfinlega verið og er ennþá einn blóm- legasti reiturinn í hinum andlega akri íslensku þjóðarinnar. Það er því engin furða þó vér Vestur-Íslendingar séum auðugir af honum. Vitaskuld er ekki helmungurinn af öllu því sem hér er ort verulegur skáldskapur, ef dæma má eftir því sem á prenti birtist, og vér eigum jafnvel ekki nema eitt stórskáld. En það er fleira skáldskapur en það sem stórskáldin yrkja, og meira að segja, það er fleira góður skáldskapur. Efnisríkum og frum- legum hugsunum, klæddum í verulegan skáldlistar búning bregður víða fyrir í mörgu sem hér er ort af mönnum, sem ekki eru nein stórskáld, en hafa þó hina eiginlegu skáldskapargáfu. Hitt er því miður satt, að mikið er til af leirburði, sem ekki hefir vitund af sann skáldskaparlegu gildi. En þeir sem athug- alir eru geta séð talsvert af hreinu gulli í soranum.

Skáldskapur vor Vestur-Íslendinga er allur í bundnu máli. Sögur eða leikrit hafa ekki verið samin hér svo teljandi sé, Á meðan skáldskapurinn er allur í ljóðum er mjög hætt við að stór efni séu ekki valin til meðferðar. Flest stórskáld hafa ekki látið sér nægja ljóðagerðina eina. Sem dæmi má nefna Sheakespeare, Goethe og Ibsen. Ljóðskáldskapurinn er sú skáldskapartegund, sem erfiðast er að láta sýna stórar og glöggar myndir úr mannlífni, þar sem einstaklingarnir lifa hver sínu eigin lífi, en samt sem áður mynda eðlilega heild. Auðugar skáldskapar bókmentir geta þessvegna ekki verið til þar sem að skáldin eru eingöngu ljóðskáld. Þess vegna er hætt við að skáld- skapur vor Vestur-Íslendinga verði ekki í næstu framtíð stórum

veigameiri en hann nú er, þar sem engin skáldsagna eða leikrita höfundur svo teljandi sé hefir ennþá komið fram á sjónarsviðið.

Eitt af því sem undarlegt má virðast er það, að hin upp-
vaxandi íslenzka kynslóð hér hefir ekki ennþá sýnt að hún hafi tekið íslenzku ljóðagerðargáfuna í arf og gert hana að starfandi hæfileika á því máli, sem henni er eðlilegra en íslenzkan. Sjálfsgagt er aðalorsökin til þess ekki sú að náttúru gáfurnar breytist svo nokkru muni með einni kynslóð, heldur mun hún vera innifalin í því, að upp-
vaxandi kynslóðin hér, sem er af íslenzkum foreldrum fædd, hefir aldrei kynst íslenzkum skáldskap almennilega, aldrei lesið sig inní hann. Þegar þar við bætist sá hugsunarháttur, að það eina sem nokkurt gildi hafi hér í Ameríku sé hagsýni og peningar, sem því miður er alt of rótgróinn á meðal Íslendinga, þá er eðlilegt að skáldskapargáfan nái litlum þroska á meðal Vestur-Íslendinga, sem hér eru fæddir. En nú mætti þó einmitt búast við því, ef að henni væri hlúð, þar sem að íslenzkum gáfum opnast eitt auðugasta bókmenta mál heimsins. Ávextir geta samt engir orðið nema að gáfurnar séu glæddar, og rangur og einhliða hugsunarháttur brotinn niður.

Við einu mætti búast af vestur-íslenzkum skáldum, sem þeir þó ekki hafa hingað til sýnt, nefnilaga, að það sem þeir hafa séð meira af heiminum en mörg skáld á Íslandi hefði þau áhrif á þá, að gera skáldskap þeirra víðtækari og almennara eðlis en mikið af íslenzkum skáldskap er. Að það bezta sé á einhvern hátt helgað ættjörðinni er eðlilegt og rétt, en að nærri því hvert kvæði þurfi hafa á sér íslenzkan sveitabrag er mesti misskilningur. Náttúrlega eru yrkisefnin og meðferð þeirru mjög mikið undir mentun skáldanna komin, en veruleg skáld geta fundið yrkisefni í mannlífinu og náttúru-
inni hvar sem er; og oft ná þau sínum beztu tökum á hugum lesendanna þegar staðlegra áhrifa gætir hvað minst.

Einsog eðlilegt er eigum vér Vestur-Íslendingar enga vísindamenn. Allri vísindalegri starfsemi er þannig farið, að hún úttheimtir þá sem gefa sig við henni heila og óskifta. Þar sem

menn verða fyrst að gefa sig við einhverjum öðrum störfum geta engin vísindi komist á hátt stig. En vísindin hafa þýðingu fyrir fleiri en hina svo nefndu vísindamenn, sem verja lífi sínu á einhvern hátt til að auðga þau og fullkomna, þau hafa þýðingu fyrir almenning sem undirstaða þeirrar þekkingar, sem hver maður ætti að hafa. Öll þekking sem mennirnir hafa, hvort sem hún er mikil eða lítil hjá hverjum einstakling, er vísindalegs eðlis, hún verður að vera það ef hún á að heita sönn þekking. Það er þessvegna engan vegin rétt á litið, að vísindi hljóti altaf að vera langt fyrir ofan höfuðin á allri alþýðu manna og eign aðeins fárra. Að vísu geta aldrei nema fáir gefið sig algjörlega við þeim og fengið mjög nákvæma þekkingu í hinum ýmsu vísindagreinum, en aðal ávextir starfs þessara fáu eiga að verða almennings eign. Til þess nú að það geti orðið þarf almenningur að hafa þann hugsunarhátt, að þekkingin ein útaf fyrir sig, án tillits til allra afnota, sé góð og eftirsóknarverð. Gildi hennar má ekki miðast við neinn fjármunalegan hagnað, né heldur má hún vera látin skipa lægri sess en nokkuð annað sem á heima í hinu andlega lífi yfirleitt.

Hér á meðal vor Vestur-Íslendinga er þekkingin, ýmsra orsaka vegna, of mikið metin eftir því hvaða hagsmunaleg not má af henni hafa. Það er einsog margir álíti, að það af henni, sem ekki er beinlínis hægt að láta í aska sé einkis virði. Gildi mentunarinnar yfirleitt er alt of mikið miðað við það hversu gott hjálparmeðal hún reynist til að "komast áfram," einsog það er nefnt. En nú er einmitt miklu af þekkingu þeirri, sem mennirnir eiga þannig farið, að hún getur aldrei orðið hjálparmeðal fyrir fjöldann til að eignast auð eða komast til mannvirðinga; og þó er það engan vegin gagnslaus þekking. Sá sem vill komast í eitthvert embætti, í hvaða þjóðfélagi sem er, verður náttúrlega að hafa einhverja þekkingu, og sem embættismaður þarf hann enga aðra þekkingu en þá, sem er nauðsynleg til að geta leyst embættisstörf sín af hendi, en þó hann hafi þá þekkingu, getur hann samt verið illa mentaður maður. Hver sann mentaður maður, í hvaða stöðu sem hann er, verður að hafa miklu meiri þekkingu en þá sem stöðunni tilheyrir, það er ekki

nauðsynlegt að hann viti allt sem menn geta vitað, en það er nauðsynlegt að það sem hann veit sé okki einskorðað við þá atvinnugrein, sem hann stundar, eða embætti það sem hann er í. Sá hugsunarháttur þarf að verða rikjandi, að alt sem á annað borð er sönn þekking, nefnilega afleiðing vísindalegrar starfsemi og rannsóknar, sé hverjum manni gagnlegt án tillits til allra hagsmuna. Ríki þessi hugsunarháttur, þá hljóta alstaðar á meðal fólks, sem er gætt góðum náttúru hæfileikum, menn að rísa upp, sem leggja fram sinn skerf til þess að auðga þekkingu og vísindi á einhvern hátt.

Íslendingar eru gefnir fyrir rannsókn. Þeir eru fróðleiks þyrstir. En vísindi af hvaða tagi sem eru, útheimta mikla elju og starfsemi, og endurgjaldið fyrir þá starfsemi er oft mjög óvíst. Þess vegna er eintómur fróðleiksþorsti ekki einhlítur til að afkasta miklu í vísindunum. Við hann þarf að bættast það viljaprek, sem álitur það fullkomin laun fyrir fyrirhöfnina, að sigrast á erfiðleikunum.

Eftir því sem kríngumstæðurnar gera fleirum mögulegt að afla sér góðrar mentunar, eftir því má búast við að fleiri gefi sig við einhverjum vísindagreinum vísindanna vegna, og um leið hjálpi almenningi til að njóta ávaxtanna. Vér Vestur-Íslendingar megum ekki komast í það ástand, sem of víða á sér stað, að menn skiftist í mentalýð og illa upplýsta alþýðu. Margir ætla að hérlendu barnaskólarnir séu einhlít vörn gegn því, en það eru þeir ekki, og geta ekki verið. Sá sem fær enga mentun nema á barnsaldrinum verður eðlilega altaf mentunarlítill.

Listin og fegurðartilfinningin hafa verið mjög þýðingar. mikill þáttur í hinu andlega lífi sumra þjóða, einsog t.d. Forn-Grikkja. En það er áreiðanlegt að mennirnir verða ekki listgefni né heldur eignast vel þroskaða fegurðartilfinningu nema þar sem að hið fagra í náttúrinni liggur opið fyrir mannsandanum. Einmitt þannig var ástatt á Grikklandi til forna. Fjölbreytni landslagsins og hið hreina en þó milda loftslag hjálpuðu til að framleiða hina frábæru listfengi, er í smáu og stóru lagði mesta áherzlu á náttúrulegt samræmi, sem einkennir hina fornu-grísku listasmíð.

Íslensk náttúra með sinni hrikalegu fegurð er mäske ekki eins vel fallin til þess að glæða fegurðar tilfinninguna og að vekja manninn til djúprar umhugsunar á tilverunni. Samt hefir hún óþrjótandi fegurðar uppsprettur fyrir hvert listamans auga. Og líklega er listamanna fæðin á Íslandi, einsog margt fleira, öðru að kenna en því, að hin náttúrlegu skilyrði vanti.

En oss Vestur-Íslendinga skortir næstum alt sem er nauðsynlegt til að þroska listamenzku hæfileikana. Vér höfum enga stórfenga náttúru fegurð, né heldur, enn sem komið er, neina verulega möguleika til mentunar í þeim efnum, nema með fyrirhöfn og kostnaði. Þrátt fyrir það mun all lífvænlegur vísir vera til vor á meðal, sem undir réttum kringumstæðum gæti þroskast og orðið þjóðflokki vorum til sóma. En til þess þyrfti hugsunarhátturinn mikið að breytast, því listir, einsog vísindi, þrífast ekki í þeim jarðvegi þar sem alt er metið eftir hagnaði.

Eitt ættum vér að geta haft, og það er heilbrigð smekkvísi. Að láta sér alveg á sama standa um það sem fagurt er og vel á við er jafn ílt og hitt, að elta tízkuna með allri hennar heimsku og smekkleysi. Það er einkenni hinnar sönnu fegurðartilfinningar að maðurinn sjálfur hverfi aldrei á bak við skrautið, sem hann ber á sér, en að ytra útlitið sé svo, að það á engan hátt sé gagnstætt þeim innri eiginleikum, sem maðurinn hefir til að verða sem fullkonnastur maður.

Trúarbrögðin eru sá þátturinn í andlegu lífi vor Vestur-Íslendinga, sem mest ber á. En, einsog sagan sýnir, er trúin ekki æfinlega einlægust og dýpst þegar mest er deild um kyrkjumálin. Hávaðinn er oft mestur þar sem minst er af verulegri sannfæringu inni fyrir. Þess vegna getur verið algerlega rangt að dæma trúarlífið eftir því hvað efst er á dagskrá í umtali.

Það má segja, að hvergi komi allar lyndiseinkunnir manna betur fram en í trú þeirra. Það sem maðurinn í hjarta sínu vill ekki vera lætur hann heldur ekki trú sína vera. Það er enginn vafi á því að vér Íslendingar látum skynsemina ráða meiru í trúarskoðunum vorum heldur en margt annað fólk. Tilfinninga lífið á ekki mjög mikin þátt í því að ákveða hverju

vér trúum. Þess vegna gætir allrar dulþeki (mysticism) mjög lítið í trúarlífi voru og einstrengingslegur trúarofsi hefir sjaldan fest rætur svo nokkru muni. En skynsemin kemur í ljós í trúarbrögðunum á tvennan hátt. Hún ke nur fyrst í ljós í því, að mennirnir taka vissar skoðanir og hugmyndir og setja þær í einhverskonar rökfræðilega rétt samband hverja við aðra. Með öðrum orðum, þeir búa sér til trúfræðiskerfi, eða fá það frá öðrum, eftir því sem verkast vill. Nú er skynsemi sumra manna þannig farið, að alt sem ekki hefir sýnilegar rökfræðilegar mótsagnir í sér fólgnar hlýtur, frá þeirra sjónarmiði, að vera rétt. Þeir gæta aldrei að því, að rökrétt ályktun getur verið vitleysa, ef hún er byggð á röngum grundvelli. Einsog kunnugt er, eru allar orthódoxar kyrkjukennningar ályktanir, sem hafa verið byggðar á grundvelli annarar þekkingur en þeirrar sem nú á sér stað og er viðtekin að vera sú réttasta þekking, sem mennirnir hafa átt. Auðvitað eru þessar kenningar frá rökfræðilegu sjónarmiði eins réttar nú og þær voru fyrir mörg hundruð árum síðan, en það dettur engum rétthugsandi manni í hug að draga ályktanir út frá því sama og þá var gert, og þess vegna eru þær rangar. Húsið stendur aðeins á meðan grundvöllurinn er traustur, hversu vel sem frá því er gengið.

Hin aðferðin til að nota skynsemina í trúmálum er sú, að breyta trúarskoðununum eftir því sem reynslusannindin vaxa. Það á náttúrlega ekkert skylt við það að menn verði trúlausir, einsog margir álíta, sem ekki geta greint trú frá guðfræði. Menn geta verið trúaðir þó þeir hafi gjörsamlega snúið baki við allri kyrkjutrú, því trúin í insta eðli sínu er einhverskonar meðvitund um samband sitt við tilveruna, og það liggur í augum uppí að slík meðvitund getur verið til hvaða þekkingu og skoðanir á tilverunni sem menn hafa; eðlilega verður hún sönnust og bezt þegar hún er í beztu samræmi við hina sönnustu þekkingu og skynsamlegustu skoðanir á lífinu.

Trúarskoðanir vor Vestur-Íslendinga sýna að vér hnægjumst nokkuð í báðar þessar skynsemis áttir, þó efalaust meira í þá síðartöldu, enda er hún nú að ryðja sér til rúms hvarvetna í

heiminum. Afskiftaleysið um öll trúmál, sem á yfirborðinu er svo algengt stafar að öllum líkindum ekki af því, að trúmálin liggi oss sem heild fjarri skapi, heldur af hinu, að flokksfylgi í þeim er látið sitja í fyrirrúmi fyrir öllu öðru, og, að í sambandi við kyrkjumálin er oft svo mikið af leiðinda rífrildi, sem margir kjósa að vera lausir við. Tala manna í söfðnuðum hér er því alls eigi nákvæmur mælikvarði hins eiginlega trúarlífs.

Heimspækin er bæði skyld trúarbrögðunum og vísindunum. Á miðöldunum var hún nefnd þerna guðfræðinnar, og þá var starf heimspækinganna í því innfalið að sanna, að allar kenningar kyrkjunnar væru réttar en alt sem þeim var gagnstætt rangt. Á síðari tímum eftir að raunspækin (positivism) ruddi sér til rúms, hefir því margoft verið neitað að heimspækin ætti að fjalla um nokkuð annað en vísindaleg sannindi. Samkvæmt þessari skoðun á þá heimspækin ekki að vera neitt annað en öll vísindi samandregin í eitt. En hér er eitt að athuga. Manninum er ekki einungis eiginlegt að rannsaka, heldur einnig að draga einhverjar ályktanir af því sem hann hefir rannsakað, er á einhvern hátt opna fyrir honum hið óþekta. Hin vísindalega þekking er einsog sundurlausir gimsteinar, sem þurfa að greypast í umgjörð hver við annars hlið til þess að litafegurð þeirra komi fyllilega í ljós. Heimspækin er þessi umgjörð. Hún á að fela í sér meginatriðin úr allri vísindalegri þekkingu og hún á sjálf að auka við þau þangað til úr þeim verður einhverskonar samfeld heimskoðun. Þetta er það sem allir miklir heimspækingar heimsins hafa gert. En það liggur í augum uppi að þó þekkingin sé hin sama geta samt heimsskoðanirnar verið mismunandi; þó getur engin álitist sönn nú á dögum nema hún sé vísindaleg, taki tillit til allra vísindalegra sanninda.

Einkenni heimspækingans er bæði rannsakandi hugsun og andlegt víðsýni. Hann þarf líka að hafa þann eiginleika að geta dregið allar sínar hugsanir saman í rétta heild. Að því leiti er starf hans ólíkt starfi vísindamannsins, sem leitar að nýjum sannleik í sinni vísindagrein og einnig skáldsins og listamansins sem setja hugsanir sínar þannig fram að þær snerti tilfinningu og vilja, eða vekji upp nýjar hugmyndir með því að beina huganum í einhverja vísna átt.

Þrátt fyrir það, þó að skáldskapur íslenzku þjóðarinnar sé auðugri en líklega nokkurar annarar þjóðar skáldskapur af heimspekilegum hugleiðingum hefir samt enginn mikill heimspekingur verið uppi á Íslandi. Vel getur verið að orsökina til þess sé að nokkru leiti sú, að kringumstæðurnar hafi ekki leyft neinum að helga líf sitt heimspekinni. En hafi kringumstæðurnar verið óhagstæðar á Íslandi, þá eru þær ennþá óhagstæðari hér, Heimspeki er að vísu mikið stunduð hér í Vesturheimi, en vér Íslendingar búum ekki þar sem áhrifa henna gætir mest, þvert á móti erum vér þar sem þröng kyrkjutrú og gróða tilhneigingin ráða mestu. En heimspekin þarf að vera laus við yfirráð kyrkjukenninga og búksorg. Þar við bætist, að hér í landi nær alt undra mikilli útbreyðslu sem nýtizkulegt nafn er gefið, hversu mikil heimiska sem það kann að vera. Hvergi er jafn miklu lagið í nafni vísindanna, og hvergi er fólk jafn reiðubúið til að gleypa við þessháttar lygi. Þess vegna getur öll vitleysa, sem er laglega auglýst fengið áhangendur, er skoða hana hina dýpstu speki. Náttúrlega kemur þetta til af því, að hér treystir alveg óupplýst fólk meira á sína eigin dómgreind í hverju sem er en annarstaðar á sér stað. Vér Íslendingar hér höfum of oft látið blekkjast af þessum andlegu skottulækningum, og í hvert sinn sem vér látum blekkjast verður það til þess, að gera sönnnum og skynsamlegum hugmyndum erviðara að festa rætur vor á meðal. Þó lítið útlit sé fyrir að heimspekin verði nokkur þýðingarmikill þáttur í andlegu lífi voru fyrst um sinn er samt engin ástæða til að ætla, að hún ekki geti haft nokkur áhrif á trúar og lífsskoðanir vorar, sé þess gætt, að leyfa ekki öllu illgresi að vaxa, í þeirri trú, að það geti borið nýtilega ávexti.

Sem eðlilegt er, er alt andlegt líf hér hjá oss Vestur-Íslendingum fremur fátæklegt þegar það er borið saman við það sem víða annarstaðar á sér stað. En hinu verður ekki neitað að vér eigum hæfileika, sem mikið má gera með séu þeir réttilega undirbúnir og þeim réttilega beitt. Það er ekkert eins áriðandi og að þeir sem á skólum mentast verði ekki fyrir áhrifum afturhalds og þröngsýni. Andlega frjálsir menn verða andlega

miklir menn þegar þeir hafa góða hæfileika. Það er ennfremur áfrðandi að almenningur varðveiti rétt sinn til að hugsa. Þegar mennirnir lifa sínu andlega lífi frjálsir og óhindraðir, þá kemur í ljós hvað í þeim býr, þá koma hæfileikarnir að notum; og einmitt það að láta alla hæfileika koma að notum ætti að vera markmið allrar mentunar.

ÁRSSKÝRSLUR ÚNÍTARAFÉLAGSINS

Ársskýrslur Ameríska Únítarfélagsins fyrir fjárhagsárið frá 1. Maí 1908 til 30 Apríl 1909 eru nýlega komnar út. Í þeim er ávarp forseta og skýrsla ritara félagsins ásamt skýrslum ýmsra nefnda. Sjö nýjar kyrkjur bættust við á árinu, og 25 prestar, en 20 prestar hafa hætt. Þar af hafa 10 dáið og 10 hætt störfum ýmsra orsaka vegna. Af þeim 25 sem við bættust voru 15 útskrifaðir af guðfræðisskólum, en 10 komu úr öðrum kyrkjum: þrír úr þrenningar-kongregazional kyrkjunni, einn úr biskupa kyrkjunni, einn úr methodista-biskupa kyrkjunni, einn úr biskupa kyrkjunni, einn úr úniversalista kyrkjunni, einn úr lútersku kyrkjunni, einn úr trúfélagi, sem nefnir sig kristnu kyrkjuna, og einn sem ekki er getið um hvar áður hafi verið. Til útbreiðslu varði félagið nokkuð yfir 60,300 dollara í Ameríku og yfir 3000 í öðrum löndum, þó eru ekki þar með talin laun einbættismanna þess.

Í skýrslu skrifarans er þess getið, að mjög margar fyrirspurnir trúarskoðunum únítara viðvíkjandi hafi komið inn í til efni af kosningu Tafts forseta, sem, einsog kunnugt er, er únítari. Þar er einnig annað tekið fram sem er eftirtektarvert fyrir oss íslenska únítara, vegna þess hvað það kemur vel heim við tilraunir sumra lúterskra vina vorra hér. Skrifarinn kemst þannig að orði: „Únítaratrúin hefir verið marg eyðilögð síðan fyrst hún byrjaði að komast á fastan fót 1825, en samt hefir lát hennar líklega aldrei verið tilkynnt eins oft á einu ári og árið sem

leið. Þetta hefir orsakast af nýrri nauðsyn fyrir mótstöðumenn vora að veita eftirtekt vissum lífsmerkjum, er þeir áttu ekki von á og voru ekki viðbúnir. Þar sem þeir hafa ekki haft á sínu valdi það sem þarf til að halda stöðuga upprisuhátíð vora, hafa þeir neyðst til að nota gömlu greftrunarsíðina til að viðurkenna að vér erum ein til. Almenningi hefir þannig verið gefnar upplýsingar um únítaratrúna miklu betur en í vora valdi stendur að gera.”

Í ávarpi sínu stingur forsetinn uppá að sendinefnd verði send umhverfis jörðina veturinn 1910-11 til að vekja athygli fólks í Asíu, Afríku og Ástralíu á únítaratrúnni og komast í samband við frjálslýnda menn hvar sem þá sé að finna og hverrar trúar sem séu. Hvort þetta verður framkvæmt er náttúrulega ennþá óákveðið, en vafalaust yrði það frjálslýndum trúarbrögðum yfirleitt til mikils stuðnings ef það kæmist á. Forsetinn ráðleggur ennfremur að tilvaldir menn, sem ekki kára sig um að binda sig við fastan söfnuð, séu látnir ferðast um og flytja ræður og fyrirlestra hvar sem því verður við komið, án þess að reyna að koma nokkru félagslífi á fót í sambandi við starf sitt. Sjálfsagt kæmi svoleiðis starf að mjög miklum notum og er vonandi að það verði reynt.

Það eru engin deyfðar eða dauðamörk í únítarísku kyrkjunni. Það mega þeir hugga sig við sem vilja henni vel, og hinir taka til ihugunar.

HEIMA Á ÍSLANDI

Þrír merkismenn í Norður Múlasýslu látnir

Sambrækkufélagar og Sra. Einar Þórðarson

Það hefir höggvist hryggilegt skarð í hóp atgjörvis manna Norður-Múlasýslu, þegar þessir þrír menn er nefndir eru hér að ofan, voru bornir til grafar. Einn þeirra, Halldór Magnússon var að vísu gamall orðinn og hrumur en skarð er þar fyrir skildi

eigi að síður og vandfyllt sæti hans svo vel sje. En hinir tveir, Sigfús Halldórson og Sra. Einar Þórðarson voru báðir á bezta skeiði æfinnar þegar þeim var kippt burt einmitt á þeim tíma þegar svo virtist sem þeir sjálfir væru sannfærðir um hver köllun þeirra var, og þegar aðrir voru sannfærðir um að þar áttu ættstöðvar þeirra og fósturjörð, tryggja og drenglynda sonu, er hæfileika höfðu til að vinna margt og þarft fyrir land og lýð.

Mig langar til að biðja Heimir um rúm fyrir nokkur minningar orð um þessa menn. Norðmýlingar eru hjer fjölmennir vestan hafs, og ekki allfáir í flokk "Heimis manna," og ætla jeg þeim muni ei ókært vera að vita nokkuð um æfistörf samheraðs manna sinna heima. Jeg er fyrir svo fáum árum kominn frá Íslandi, og þekki vel til þess, að þegar blöðin hjeðan að vestan fluttu lát einhvers hjeðan, þá langaði gamla samferðamenn heima, að vita um æfiferil þeirra hjer; hvernig þeim hefði liðið, hvað þeir hefðu starfað. Jeg hygg að Austur og Vestur-Íslendingar, eigi í þessu samtílfínning hver með öðrum, og tel það einn þátt í þjóðernistílfínningunni, og hann ekki þann veikasta, því hann er byggður á bróðernis tílfínningunni.



Halldór Magnússon var fæddur, og uppalinn í Húsey í Hróarstungu, og var sonur Magnúsar bónda og hreppstjóra Jónssonar er þar þjó lengi. Ætt hans var hin alkunna "Vefararætt" er mjög er fjölmenn á Austurlandi, og hjer fyrir vestan líka (sbr. æfíagrip Guttorms sál. Sigurðsonar í Heimi) Halldór tók við búi í Húsey og hreppstjórn í Tunguhreppi eftir föður sinn, og fór honum hvorttveggja vel úr hendi. Litlu fyrir 1870 flutti hann að Sandbrekku í Hjalta-staðahrepp, og keypti jörðina,

og var þar til dauðadags. Þegar er hann kom að Sandbrekku byggði hann upp öll hús að nýju, bæði bæjar hús og peningshús, og vandaði til þess miklu betur en þá var títt. En þegar fram í sókti líkaði honum ekki torfbærinn og reif hann þá allan niður, og byggði stórt og vandað timburhús. En þrátt fyrir allan þennan kostnað, og þunga fjölskyldu er hann hafði fram að færa, græddist honum fje, svo að hann var einn með efnuðustu bændum Fljótsdalshjaraðs, og hjelt þó uppi rausn á heimili sínu, móts við þá er bezt gjörðu það, enda var kona hans Guðrún Jónsdóttir, bónda frá Torfastöðum í Jökulsárhlíð, honum samhent í búskapnum.

Sveitarstjórn hafði Halldór á hendi í Hjaltastaðapinghá, og leysti þau störf af hendi með heiðri. Hann átti mörg ár sæti í sýslunefnd og stjórn Eiddaskólans, og hlaut, og það að maklegleikum, heiðurslaun fyrir búskap sinn úr veðlaunastjóði Kristjáns konungs níunda.

Halldór var fremur lágur á velli en þjettvaxinn, og með mestu krapta mönnum sinnar tíðar, snyrti maður í framgangi, og um hann mátti með sannri segja að hann var "þjettur á velli og þjettur í lund." Hann var hæglátur hversdagslega, og nokkuð óframfærinn, er ræða var um almenn mál. En yrði hann ör af víni sem sjaldan var, þá þurfti meira en meðalman til að mæla hann málum, því fastlyndur var hann og vildi ekki hlut sinn láta. Mjög var hann skemtilegur heim að sækja, og hafði mikið yndi af að ræða við gesti sína, og þótt hann væri afbrigða starfsmaður, taldi hann aldrei eftir sjer að sleppa verki er gesti bar að garði. Hann var greindur í betra lagi, og miklu betur að sjer bóklega en þá var títt er hann óx upp. Kona Halldórs var dáið fyrir 20 árum síðan, og var hann því fyrir löngu hættur búskap, og dvaldi hjá elsta syni sínum Sigtúsi er tók við jörðinni og búinu. Síðustu árin var hann hrumur mjög, enda var hann kominn um áttætt, er hann ljezt miðvikudaginn síðasta í vetri 1809. Mátti um hann segja hið fornkvæða "þar fór nýtur maður."

En það var fyrir löngu auðsjeð að þessi starfsami heiðursmaður var að þrotum kominn, og vinir hans unntu honum

maklegrar hvíldar eftir nytsamt ætistarf. En heimilið og attstöðvarnar urðu fyrir sárari og óvæntum missir brátt á eftir, því elsti sonur hans Sigfús var þremur vikum síðar lagður við hlið hans í gröfina, á bezta aldri, um fertugt. Sigfús var einn hinn allra merkasti af yngri bændum hjeradsins, búmaður góður, sem faðir hans, hreinn í huga og trygglyndur, og mjög vel að sjer, þótt ekki hefði hann á skóla gengið. Sveitarstjórn fór honum svo vel úr hendi, að sveitin hans (Hjaltastaðapínghá) mun þess lengi menjar bera. Í stjórnámálum var hann einn hinn hyggnaasti bóndi þar um slóðir, og eflaust eitt hið vænlegasta þingmannsefni er þar var kostur á, hefði hann ei skort traust á sjálfum sjer. Kona Sigfúsar var Jóhanna Þorsteinsdóttir frá Höfn í Borgarfirði, var hún honum samtaka í því að halda uppi því frægðarorði er heimilið hafði hlotið.

Við fráfall Sigfúsar er höggvið tilfínnanlegt skarð í hóp hinna yngri atgjörvis manna Fljótsdalshéraðs. Hann var með þeim fremstu þeirra að atgjörvi og drengskap.

Börn Halldórs, og systkini Sigfúsar eru þessi lífandi :

Runólfur, kaupmaður og úrsmíður í Selkirk; Stefán, búfræðingur í Winnipeg; Jón hreppstjóri í Hjaltastaðapínghá í Þórsnesi; Guðmundur búfræðingur, fylgdist allt af með föður sínum og Sigfúsi bróður sínum,

Margrét, gípt Stefáni Stefánssyni, prests frá Kol-freyjustað, hreppstjóra í Fáskrúðsfirði; Herborg, gípt Sigfúsi bónda Gíslasyni á Hofströnd í Borgarfirði.



II

En sárast hneit þó við hjarta þegar "Norðurland" flutti þá frjett hjer vestur nýlega, að sra. Einar Þórdarson alþm. hefði látizt 6 apríl að heimili sínu á Bakka í Borgarfirði. "Fréttin var ekki óvænt, því hann hafði lengi sjúkur verið" segir Nl. En sár er hún eigi að síður, öllum þeim er Íslandi og attstöðvum hans unna og meta kunna góðan dreng og frjálslýndan.

Það var fyrir nokkru áður en jeg fór af Íslandi að við sra. Einar sál. áttum tal um eptirmæli, gjörði jeg þá ráð fyrir að hann mundi standa yfir moldum mínum, jeg var 15 árum eldri en hann, og ljét í ljósi að jeg kysi orð hans yfir mér látnum. Í brjefi er hann skrifaði mjer seint í vetur eð var, þá að bara kóminn, þó andlát hans drægist þetta, sa gð i hann:— "Nú verður það þú sem leggur laufblað á leiðið" Og mig langar að leggja vestur-íslenzkt "Gleymdu-mér-ei" á vinarleiðið, og óska að það gæti fest rætur í brekkum og böllum heimahagans okkar.



Sra Einar Þórdarson er fæddur á Kollstöðum í Vallahrepp í Suður-Múlasýslu 7 ágúst 1867, (skorti 1 dag í 42

ár er hann ljekt). Foreldrar hans voru Þórdur Einarsson prests Hjörleifssonar í Vallanesi, voru þeir bræðrasynir, sra. Einar sál. og Einar skáld Hjörleifsson, og Sigurður ritstj. og alþm. En móðir sra. Einar sál. var Þórdís Eiríksdóttir bónda á Nefbjarnarstöðum í Hróarstungu, Gunnlaugssonar, var sra. Einar sál. náskyldur í móðurætt Eyjólf Eyjólfssyni í Winnipeg, og öðrum fleiri frændum hans hjer.

Sra. Einar útskrifaðist úr latínuskólanum í Reykjavík árið

1888, og af prestaskólanum 1890. Vígðist 1891 og varð prestur í Hofteigs og Brúarsóknnum (á æskustöðvum sínum), 1904 var honum veitt Desjarmýrarprestakall, sókti hann um það af því að honum hafði verið ráðlagt heilsunnar vegna að komast að sjó. Keypti hann þá jörðina Bakka í Borgarfirði, og bjó þar það er eftir var æfinnar.

Fyrst eftir að sra Einar sál. varð prestur, ljét hann mjög lítið á sjer bera. Hann stundaði embætti sitt alúð og skyldurækni, og ávann sjer brátt vinsæld og virðing sóknar barna sinna. Búskapurinn fór honum mjög vel úr hendi, og græddist honum svo fje þau 14 ár er hann var í Hofteigi að hann var orðinn með efnuðustu búendum. Heimili hans var hið skemmtilegasta, og ætíð hafði hann nóg verkafólk þó aðrir kvörtuðu um vinnufólks leysi. Var það ekki af því að hann ljeti fólk sitt vinna minna en aðrir. En bæði galt hann því kaup. eins og þeir er það gjörðu bezt, og svo voru þau hjónin bæði samtaka í því að umgangast vinnufólk sitt, eins og jafningja sína. En brátt fór sra. Einar að taka þátt í sveitar-og sýslumálum, og kom það þegar í ljós að hann var bæði skarpskygn og framtakssamur í öllu því er hann lagði hönd og hug á. Samvinnuþýður, en þó einbeittur.

Það var ekki fyr en á árunum 1897 og 98 að hann fór nokkuð að mun að gefa sig að landsmálum. Það var eins og hann væri sjer ekki að fullu meðvitandi um starfs hæfileika sína í þeim efnum, enda var hann í hvívetna yfirlætislaus maður og hafði megnasta viðbjóð á öllum uppskafningshætti og spjátrungsskap og gat oft verið bituryrtur í garð þeirra er vildu sýnast annað og meira en þeir voru. Fyrstu afskipti hans af stjórn-málum voru lítt löguð til að afla honum fylgis í bráð. Hann snjerist í flokk Dr. Valtýs Guðmundssonar, er þá var að byrja stjórn-málastefuu þá er síðan er við hann kennd og kölluð "Valtýzka." Á þeim árum hafði alþýða manna tröllatrá á stjórn-málastefnu Benedikts sál Sveinssonar. Mælska hans og brennandi föðurlandsást hafði gagntekið þjóðina, og kalla mátti að hver sá væri álitinn "vargur í vjeum" er aðra skoðun hafði en hann. En um þetta leyti voru ýmsir hyggðir stjórn-málamenn

farnir að sjá að stefna B. Sv. var ekki gallalaus, og svo lítil von um að með þeirri aðferð yrði í bráð náð landsröttindum öllum Íslandi til handa, að þeir óttuðust að það þreytti þjóðina um, of og vakti upp vonleysi um framför þjóðarinnar, því allir beztu kraptar þjóðarinnar og stjórnámálanna hennar eyddust í þjarki um stjórnarskrármálið. En öll verkleg framför og viðreisn atvinnu vega lægi í kaldakoli, og í stjórnámálum væri að myndast sú stefna, er í Danmörku var nefnd "visnunar-pólitik". Sra. Einar sál. var þessum mönnum samdóma um það að þessi stefna væri óholl landi og lýð, en þókti sem hitt mundi meiri heillavegur að reyna að smá þokast áfram í landsrjettindamálinu þó ei væri nema um nokkur fet, taldi það er ekki fengist "geymt en ekki gleymt" Hann vildi láta leggja sem mesta krapta þjóðarinnar í verklegar framfarir, og efla sem mest frelsi þjóðarinnar *íin á við*. Taldi hann aukna frelsis tilfinning, samfara verklegum umbótum, og nokkrum rjettarbótum þó smáar væru í stjórnarfarinn mundu vekja hjá þjóðinni hald-beta þrek, til að ná því er ófengið væri af landsrjettindum Íslands úr höndum Dana. Við sra. Einar sál. vorum á þessum árum andstæðingar. Ekki af því að jeg áliti ekki aðalatriðin í hans stefnu (og Dr. Valtýs) hollari, en mjer þókti Dr. Valtýr of lítilþægur, vilja þegar í stað taka við of lítilfjörlegum umbótum. En sra. Einar áleit rjett að taka þegar því er í boði var og hvílast um stund í stjórnarbaráttunni og snúa sjer að öðru. Við unnum hvor á móti öðrum við þingkosningar 1899 og 1902. Í fyrra skiftið var jeg ekki í kjöri, en sra. Einar fjell þá við kosningar, en hafði þó töluvert fylgi, enda átti hann þá fyrir andstæðing hinn vinsælasta höfðingja hjeradsins, sra. Einar Jónsson í Kirkjubæ. Í síðara skiptið (1902) fjell hann líka við kosningarnar. Jeg get þessa hjer af því að á þeim árum lærði jeg bezt að þekkja hve góður drengur sra. Einar sál. var, því drenglyndari andstæðing hef jeg aldrei átt. Þegar hann minntist þessarar deilu okkar síðar í brjefi til mín hjer vestur sagði hann: "Við vissum að við vorum bræður." Vorið sem jeg fór vestur, 1903, bauð sra. Einar sál. sig enn fram til þings, og náði þá kosningu. Hann var þingmaður aðeins það kjörtímabil til

enda, og með veikum kröptum síðari hlutann, en við kosningarnar í fyrra haust var heilsan þrotin, svo hann treysti sjer ekki að bjóða sig fram. “Hefir mig þó aldrei langað meira til að vera í eldinum en þá, og það þar sem hann var heitastur” sagði hann. Á þingi kom hann fram sem annarstaðar, fór hægt af stað, en ávann sjer traust og hylli, jeg hygg mjer sje óhætt að segja allra góðra drengja úr báðum flokkum, því þókt hann væri einbeittur flokksmaður hataði hann allar ódrengilegar árásir á andstæðingaflokk sinn, og einstaka flokksmenn þess flokks. Og ljét aldrei leiðast af vináttu eða öðrum þessháttar hvötum. Það sýndi hann ljósast með því að þegar sambandsmálið, byrjaði og nefndin í því vildi slaka til og treysta á bróðerni Dana, þá snerist hann andvígur gegn ýmsum beztu vinum sínum, er hölluðust á þá sveifna. “Jeg get ekki hugsað mjer meiri unan, skrifaði hann mjer eitt sinn, en að geta verið andlega samferða vinum sínum. En þoli þeir ekki að skoðun sinni sje andmælt, og gjöri það að vinslitum, þá verður vináttan að fjúka, Sannfæring mín og samviska eru mjer dýrmætari.” Jeg hef rætt svo ítarlega um þetta efni af því að svo virtist, sem að margir af okkar góðu Norðmýlingum festu lengi vel sjónir á því einu í stjórnmalastarfi hans, að hann hafði eitt sinn verið Valtyingur, en með ári hverju fóru þeir fækkandi, en þeim fjölgaði alltaf er sáu það, að þar átti sýslan þingmann er sæmd var að, og líklegur var til að vinna kjördæmi sínu gagn og sóma. Hann fylgdi fast málum hjerads síns á alþingi, og varð vel ágengt í þeim málum, og ekki mun samþingis mönnum hans hafa dulist það, að þar sem hann var, var efni í mikilhæfan og drenglyndan stjórnmalaman, og mun hann þó aldrei fyllilega hafa notið sín á þingi, heilsan var svo tæp alltaf.

Heima á Hjeraði vann sra. Einar ótrauðlega að framfaramálum hjeradsbúa. Hann var helsti frömuður þess að Búnaðarsamband, Austurlands var stofnað, og gróðrarstöðin sett í samband við búnaðarskólann á Eiðum. Búnaðarskólann studdi hann líka drengilega, og munu þeir sra. Einar í Kirkjubæ og hann hafa verið þrautseigastir stuðningsmenn þess skóla.

Í kirkjumálum og trúmálum var sra. Einar sál. frjálssyndur, og jókst áhugi hans í þá átt með ári hverju. Ræðumaður var hann ágætur og sjerstaklega þóktu tækifærisræður hans afbragðsgóðar. Hann var mjög andstæður öllu trúar ofstæki en unni frelsi og frjálstri rannsókn, “Yfir dyrunum á mínu andlega forðabúri,” sagði hann eitt sinn, “hef jeg letrað orðin: “Leitið sannleikans.” Jeg elska rannsóknina, frjálssa óháða sannleiksþrána, og sannleiksleitina, en hata öll bönd sem lögð eru á mannlegan anda, hvort sem þau eru frá þjóðfjelögum, kirkjufundum, játningarritum, fullgildistrú, eða hvaðan sem þau koma.”—En hreinni og innilegri trúmann en sra. Einar sál. hef jeg ei kynst við. Kom það best fram þegar mest reynir á trúartraustið á sorgarstundunum, síðustu árin, þegar hann varð að sjá á bak syni sínum 16 ára gömlum er hann unni hugástum, en var sjálfur sár veikur, og að kalla mátti horfðist í augu við dauðann. Þessar raunir bar hann með forn íslenskri hetjuró, og svo innilega vonglöðu trausti á Guð og annað líf og ljós. Í brjefi því er jeg gat um í upphafi þessa máls, er hann skrifaði mjer að bana kominn, komst hann svo að orði: “Jeg finn það vel sjúkdómur minn getur ei endað nema á einn veg. En jeg æðrast ei. Jeg trúi á annað líf og ljós og endurfundi—Og Jón minn, þá finnst okkur svo smátt, margt það er hjer var gjört svo mikið veður af.”

Sra. Einar sál, var hinn mesti snyrti maður í allri framkomu.—Smekkmaður í besta lagi á skáldskap og laglega hagamæltur, þó hann flikaði því lítið, Honum var fremur stirt um mál, og lá lágt rómur, en eigi að síður var framburður hans fallegur, því allt sem hann sagði, var af innilegri tilfinning talað. Ritfær var hann í allra besta lagi, og þarf í því efni ekki annað en benda á snilldarritgerð hans í Ísafold, “Um fossana á Íslandi,” er hann ritaði á öndverðum þingtíma 1907, og sem almennt mun viðurkennt að hafi haft þau áhrif á þing, og stjórn að lögunum um fossana var gjörbreytt, frá því er stjórnin ætlaði í fyrstu, þannig að Danir eru eftir lögunum ekki rjetthærri í þeim efnum, á Íslandi, en aðrir útlendingar. Íslenzkt mál skrifaði hann, eins og þeir er það gjöra best, og mun hann í

þeim efnum hafa átt Jóni Ólafssyni ritstj. mikið að þakka, enda viðurkenndi hann það, og svo mundu fleiri samtíðar menn Jóns gjöra mega. Sra. Einar sál. var mjög vel menntaður, og reyndi af fremsta megni að fylgja tímanum í öllu því er bókmentir snertir, því hann var ekki einn af þeim er þykjast hafa fullmenntast og fundið algildan sannleika í öllum efnum þegar þeir hafa lokið embættis prófi. Honum var raun að því að þurfa að lifa svo afskekktur, að hann gæti ei fylgt svo vel sem hann vildi þekkingar straumum nútímans, og fylgdi hann þeim þó betur en margur annar. Hann var í sífeldri framför, og það er satt og heppilega að orði komist er frændi hans Sigurður Hjörleifsson sagði um hann í snilldar vel rituðum minningarorðum í Norðurlandi, að honum hefði verið kiptt í burt einmitt þegar hann hefði sjálfur fundið að nýr gróður væri að spretta í sálu hans.

Kona sra. Einars sál. var Ingunn Loptsdóttir frá Kleppi við Reykjavík. Var hjónaband þeirra og heimilislíf hið bezta. Þeim varð átta barna auðið og lifa fimm þeirra, er syrgja nú ástríkan föður. En þau syrgja ekki ein. Fjöldi vina syrgir með þeim tryggan vin. Sveitungar hans og samhjeraðsmenn syrgja einn sinn drenglyndasta og efnilegasta atgjörvismann, og þjóðin íslenzka einn sinna bestu sona.

Þökk og blessun, fylgi þjer hreinhjartaði vinur! Yfir á ljóssins land, er brosti svc blíðlega við þinni hreinu trúarsjón— yfir á vonar landið okkar allra.

··Krjúptu að fótum friðarboðans
og fljúgðu á vængjum morgunroðans
meira að starfa Guðs um geim.

(J. HALLGR.)

Síglunes P.O. 30, Sept. 1909.

JÓN JÓNSSON,
frá Sledbrjót



BÓKAFREGN

Andvökur, kvæði eftir Stephán G. Stephánsson, prentsniðjan Gutenberg, Reykjavík, útgefendur nokkrir Íslendingar í Vesturheimi.

Stephán G. Stephánsson er flestum kunnur sem skáld. Mörg af kvæðum hans hafa birst í blöðum og tímaritum hér og heima á Íslandi. Auk þess hafa tvö lítil kvæðasöfn komið út eftir hann áður. Hann hefir fyrir löngu fengið þá viðurkenningu að vera eitt af stór skáldum íslenzku þjóðarinnar, og hann á þá viðurkenningu skilið, því mjög mikið af því sem hann hefir ort þolir samanburð við það bezta sem til er í íslenzkri ljóðagerð.

Kvæðasafni þessu, sem er í tveimur bindum, er skift í flokka samkvæmt efni. Þessi skifting virðist sumstaðar dálítið óeðlileg, en hún hefir þann kost, að gera lesaranum hægra fyrir að sjá hvaða yrkisefni láta skáldinu bezt. Sömu leiðis eru ártölin, sem prentuð eru aftan við kvæðin, þeim til hægðar auka sem leitast við að skilja skáldið til hlítar.

Þó Stepháni sé sú list all vel lagin, að segja mikið í einni vísu eru samt frásagnirnar og lýsingarnar í hinum lengri kvæðum hans lang veigamestar. Það er einsog hann nái ekki alveg sínum réttu tókum í mjög stuttu máli. Samt er napurt háð og mergjaðar ádeilur í sumum smákvæðum hans, eins og t. d. "Bitlingavoninni" hans Sáms, Sannfæringin hjá Sámi er komin á "stjórnarhreppinn" og orðin "niðurseta" hjá kyrkjunni. Sjálfur fer hann "einsog veltur vömbin" og er: "allra gagn á hverju þingi." Þá er þetta góð lýsing á andlegu léttmeti: "Á annara strokkuðum áfum hann elur upp volaða guðskálfa hjörð." Og gagnorð er hún "Búnaðarskýrslan" þessi: "Húsdóndans er höfuð lélegt, hjartað garmur, trössuð sál." Ekki þurfa blaðamennirnir að vera upp með sér af þessu álitu:

"Úr blöðunum hjómast ei hugsun til neins.

Mig hryllir við þvílíku sargi,

því málið og stíllinn og efnið er eins :

svo andlega mein þýfður kargi.

“Bæn á eftir samkomu” er laglegt háðkvæði um hávaðann og glamrið, sem er flestum almennum samkomum hér samfara. En svo eru líka margar uppörfanir og heilræði í þessum smákvæðum, einsog þetta :

“Láttu hug þinn aldrei eldast eða hjartað—
Vinur aftansólar sértu,
sonur morgunroðans vertu !”

Margar af veðurlýsingum skáldsins eru ágæt, einsog náttúrulýsingarnar yfir höfuð. Í kvæðinu “Harpa” kemur eitt einkenni í ljós, nefnilega það, hversu gjarnt skáldinu er til, að færa náttúruuna í persónu gervi. Fjöllin, gilin og árnar verða einsog lifandi verur í augum þess. Veturinn “veltir krapa úr keltu sinni” og hríslurnar fá “knappa í hárið.” Alltaf eru samlíkingarnar eðlilegar og gefa lýsingunum einkennilegan og skemtilegan lífsblæ.

Eftirmæli og minni eru ekki það bezta sem Stephán yrkir, en samt eru þau yfirleitt ágæt í samanburði við það sem eftirmæli vanalega eru. Bezta eftirmælin eru eftir son hans. Í þeim er saknaðar tilfinningunni lýst vel og látlaust. Blómin minna á barnið dána, og moldin þar sem það hvílir er kærari en önnur mold—En þótt sorgin sé óbætt er hún samt “karlmenskunni þrek.” Hvergi í öllum kvæðunum talar skáldið máli tilfinninganna eins vel og hér; og þetta tilfinninga mál er fagurt, vegna þess, að í því er ekkert óþarfa málskrúð.

Af ættjarðar kvæðunum eru “Ástavisur til Íslands” og “Skagafjörður” fegurst. Föðurlandsástin er rótgróin í hjarta skáldsins. Er nokkur furða þó sá maður sé íslenzkur í anda sem þannig mælir til ættjarðarinnar,

“Þín fornöld og sögur mér búa í barm,
og bergmál frá dölum og hörgum,
þín forlög og vonspár um frægðir og harm
mér fylgt hafa á draumþingum mörgum.
Þinn svipurinn ljúfi, þitt líf og þitt mál
í lögum þeim hljóma er kveður mín sál.”

Í kvæðinu Skagafjörður er skáldið að segja frá fæðingar-sveit sinni og endurminningum þeim, sem við hana eru bundnar.

Að síðustu óskar það að "Kraftur sinna beztu kvæða" hverfi, aukinn og endurnýjaður heim í fjörðinni, þegar það er hætt að yrkja.

Það sem skáldinu lætur auðsjáanlega bezt að yrkja um eru sögulegir viðburðir og náttúran. Náttúrulýsingarnar sumar eru meistaraverk, einsog t.d. "Sléttueldurinn" "Greniskógurinn," "Við vatnið," "Dagsetur," "Sumarkveld í Alberta," "Upprofið," "Saskatsjúan," og fleiri. Hér eru tvær myndir af vatninu einsog skáldið sér það :

"Öll hreyfing sýnist bráðnuð burt um stund
við bál frá sól í júlí—nónsins drunga.
Ei titrar blað né stofn á stökum lund',
sem steipt úr fægðum málm er björkin unga.
Og slétt og glær sem gluggi í þiljum heiða,
í geilsann starir lognsvæfð vatnsins breiða "

Þetta er kyrðin. En svo kemur stormurinn :

"Alt snýst og þýtur vatnsins kvika hvel
og kryppur gráar stinga sér og rísa.
Og rokið blæs upp, blakt sem rökkur-él,
og brymkvörn gnýr, svo þungt sem myldi ísa—
Langt inn í skóginn berast drunur dragnar,
sem dauða hrygla er sjúkur maður kafnar."

Svona lýsir enginn náttúrinni nema skáld.

En eitt er einkennilegt við flestar náttúrulýsingar skáldsins: það sem það sér minnir það á eitthvað í mannlífinu og hugsunarhætti almennings sem er því líkt.

"Margur grær sem grenitrén
gusti vetrar strokin :
starir í botnlaust fúa-fen
fólks um andann lokin.
Kjálkagulur yfir er
oddborgara hrokinn."

Söguviðburði og sagnir tekst skáldinu aðdánlega vel að setja í ljóð. Og altaf er það meira en sagan sem sagt er. Í hverri sögu er eitthvað sem læra má af, hver viðburður stendur óbeinlínis í sambandi við viðburði nútímans. Sveitabragurinn,

sem einkendi fólkið, sem bjó á ætternisstapa er ennþá til ef vel er að gáð; og “kynleg Glámsaugu” eru enn á ferð; fleiri en Grettir hafa barist við “ill-fylgjur tímans.” Illugudrápa er eitt af beztu sögukvæðunum, enda er efnið gott til meðferðar. Efnið er drengskapurinn. “Dauðinn varð leiðin að ljósinu sanninum” fyrir hinn drenglundaða Illuga, en lífið hefði orðið “blettur á hetjunni manningum” hefði hann rofið heit sín. Þetta er snildarlega að orði komist. Í kvæðinu “Mjöll dóttir Snæs Konungs” er þetta erindi :

“Og þessa vissu vakið upp hún fær :
þó verði skörð í auð og jarðveg frjóvan,
ið bezta sem á grundu hverri grær
er göfug þjóð með andans fjársjóð nógan,”

Þessi hugsun skín í gegn um flest það sem skáldið yrkir um mennina. Kvæðið “Eloi lama sabakhthani” lýsir betur en margar bækur lífi og kenningum Jesú. Þar kemur fram trúin á hið góða í manneðlinu og þroska þess :

“En altaf getur góða menn
og guðspjöll eru skrifuð enn—
Hvert líf er jafnt að eðli og ætt
sem eitt hvað hefir veröld bætt.”

Hræsinn og yfirdrepskapurinn eru sýnd með talsverðri fyndni í kvæðinu “Nikódemus.” Og það má lesa á milli línanna, að skáldið hefir kynst Nikódemusum á sinni lífsleið.

Fáir munu yrkja betur um einkennilegar persónur en skáldið í kvæðunum “Jón hrak,” “Sigurður Trölli,” og “Patrekur frændi.” Það er eins og því sé undir niðri vel til allra sem ekki binda bagga sína sömu hnútum og aðrir, hversu lítið sem þeir hafa til síns ágætis yfirleitt. Og skáldið skilur mennina, þó þeir beri ekki utan á sér hvað þeir eru; það sýnir hið ágæta kvæði “Landnámskonan.”

Ádeilu kvæðin um þjóða ranglætið og yfirganginn eru gagnorð og það er grafið eftir orsökunum. Hagsvonin rekur Englendinginn til að drepa Búann, sem áður drap svertingjann. Alt þetta er ranglæti og ílt. Það er aðeins eitt sem mælir því bót, það er að menn berjast þó stundum fyrir frelsi sínu aðeins.

„Ó, já—Eg veit, öll saga er svört
af synd og blóði fjær og nær—
En til er lína læs og björt
sem ljós á suma bletti slær—

Það er frelsið. Það er sí varanlegt þó völd og auður verði að
engu—“Íð enska gull skal fúna fyr

en fresis þrá sé börð á dyr,

Hvað er það sem einkennir skáldskap Stepháns G. Steph-
ánssonar? Í fyrsta lagi djúp hugsun. Það eru kjarnmiklar,
heilbrigðar hugsanir í flestu, sem hann yrkir. Hann hirðir
ekkert um almenningsálitið, bara segir það sem honum býr í
brjósti, og segir það þannig að það er ekki um að villast hvað
hann meinar. Það er ekki um það að efast að Stephán er eitt
af djúp gáfuðustu íslenskum skáldum og gáfur hans eru eitthvað
svo djarfar og einarðar, að manni verður strax hlýtt til hans,
einsog kennara, sem maður veit að altaf segir manni allan sann-
leikann, einsog hann sér hann. „Þeir koma svo skrítnir úr
skólum,” segir hann í dálitlu gamankvæði um mentamennina.
Honum er illa við tilgerðina, sem honum finnst vera einkenni
sumra þeirra. Og hver getur láð honum það jafn tilgerðarlaus
og þróttmikill sem hann sjálfur er.

Annað einkenni Stepháns er að hann er skáld í hverja taug,
honum er náttúrlegt að yrkja. Spurningunni hvað er skáld?
svarar hann svona: „Það er djúpur eldur í ösku þunnri falinn.”
Einmitt svona hlýtur skáldgáfa hans að vera. Hann horfir
augum skáldsins á alt og þessvegna verður flest sem fyrir augu ber
honum að yrkisefni. List Stepháns er ekki í meðferð málsins fólga-
in og ekki heldur í því, að svífa í geimi hugsjónanna fyrir ofan hinn
virkilega heim, en hún er í því fólgin, að draga myndir með
sterkum og skýrum dráttum af því, sem fyrir augu ber, og að geta
brugðið upp löngu liðnum viðburðum fyrir sálarsjónir lesend-
anna svo að hluttakendurnir í þeim verði eins og lifandi persón-
ur á leiksviði. Fá íslensk skáld munu gera þetta betur en hann,
og þessvegna er list hans eins fögur og þeirra flestra.

Það hefir oft verið að Stepbáni fundið að hann væri þung-
skilinn. Í raun og veru er það ekki rétt að hann sé þungskilinn,

Því hugsunin er altaf blátt áfram og látlaus. En hitt er satt að málið er ekki afínlega sem liprast. Setningarnar virðast stundum vera óþarflega flóknar, og orðaskipunin frábrugðnari því sem hún er í vanalegu máli en nauðsynlegt væri rúmsins vegna. Einnig koma stöku sinnum fyrir orð, sem beínlínis láta illa í eyrum.

Þegar dæmt er um skáldskap á ekki að dæma um skoðanir skáldsins, einsog þær sjálfar væru skáldskapurinn. Þeir sem vilja kynna sér skoðanir Stepháns vel, geta gert það með því að lesa kvæði hans með athygli. Það er aðeins eitt sem hér skal tekið fram þeim viðvíkjandi: þær eru frjálsar og þróttmiklar. Þegar maður kynnist þeim, gægist upp í huga manns sú hugsun, að sá maður, sem þær hefir hljóti að vera meira en meðalmaður í hverju sem er; og að vera meira en meðalmaður í erfiðum lífskjörum er að vera mikilmenni.

Vonandi á þetta vestur-íslenzka stór skáld eftir að yrkja mikið ennþá. Ljóð hans verða öllum íslenzkum bókmenta vinum æ velkomin og betri viðurkenningu en þá getur ekkert íslenzkt skáld fengið.

Guttormur J. Guttormsson: Jón Austfirðingur, Winnipeg, prentsniðja Ólafs S. Thorgeirssonar, 1909.

Jón Austfirðingur er saga í ljóðum. Í henni er sagt frá íslenzkum bónda, sem selur óðal sitt heima á Íslandi, flytur vestur um haf og sezt að í Nýja-Íslandi. Fyrst er kringumstæðum Jóns á Íslandi lýst, svo boðskap vesturferða agentsins, vesturferðinni og landnáminu, síðan er sagt frá ýmsum óhöppum, sem hann verður fyrir og óförum dóttur hans í Winnipeg, og að síðustu frá því að Jón tekur dótturson sinn munaðarlausan heim til sín, er bætir honum að nokkru öll þau vonbrigði, sem hann hefir orðið fyrir.

Sagan er yfirleitt vel sögð og ekki óvíða koma ágæt tilþrif fyrir, sérstaklega þegar höfundurinn er að lýsa erfiðleikum landnámsmannanna, sem hann er vel kunnugur. Ekki er lýsingin á frelsi íslenzka sveitabóndans mjög náttúrleg þar sem honum er

líkt við þjótandi vind og fljúgandi val. Höf. er ekki vel kunnugur íslenzku sveitalífi. Þó boðskapur agentsins sé ýktur er samt andinn í honum nákvæmlega hinn sami og í ræðum sumra lönda hér er þeir hafa verið að ferðast heima. Lýsingin af landnáminu er góð, og eitthvert bezta kvæðið er “Bólan” þar sem sona missinum er mjög vel lýst. Lengsta kvæðið “Guðrún,” sem segir frá veru Guðrúnar, dóttur Jóns í Winnipeg og hjónabands-óhamingju hennar, er í heild sinni ekki bezta kvæðið, þó einstaðingsskap umkomulauss unglingsins sé vel lýst. Sagan um Guðrúnu hefir verið sögð svo oft áður, að hún hrifur ekki lengur. Innanum tilþrifin koma, því miður, fyrir óskáldlegar setningar þar sem bæði hugsun og mál verða of dagslega til fara. En þessir gallar eru þó miklu færri en kostirnir.

Höfundur kvæðanna er vel þekktur sem skáld hér vestan hafs. Af þeim yngri er hann eitt hið efnilegasta. Þess ber að gæta að kvæðin eru ort í tómstundum frá daglegum störfum, en fyrir fátæka bændur hér út um bygðir eru tómstundirnar fáar og stopular. Þess vegna má ekki búast við að alt verði jafn vel vandað, en hin beztu tilþrif hvers skálds sýna hvað það getur.

Ytri frágangur kvæðanna er ekki sem beztur. Meinlegar prentvillur eiga sér stað og innheftingin í kápuna er léleg.

Ágúst Bjarnason : Yfirlit yfir sögu mannsandans. Austurlönd. Reykjavík, 1908. Kostnaðarmaður Sigurður Kristjánsson. prentsmiðjan Gutenberg.

Bók þessi er fyrsta bindið af ritverki, er höfundurinn nefnir “Yfirlit yfir sögu mannsandans.” Fjórða og síðasta bindið, sem fjallar um andlegt líf nítjándu aldarinnar kom út fyrir eitthvað tveimur árum, en á öðru og þriðja, sem eiga að fjalla um heim-speki Grikkja og Rómverja og andlegt líf í Evrópu frá þeirra tíð niður til nítjándu aldarinnar er síðar von. Í þessu fyrsta bindi er skýrt frá trúarbrögðum Austurlanda, trúarbrögðum Kínverja, og Indverja, Babylóníu—og Assyríumanna, Medíumanna, Persa og Gyðinga, og byrjun Kristninnar, sem eru skoðuð bæði frá sögulegu og innihaldslegu sjónarmiði. Eins og við er að búast er víðast farið fljótt yfir sögu, en þó er sagt frá öllu því helsta ljóst og greini-

lega. Höfundurinn gerir sér far um að sýna hið eðlilega samband trúarbragðanna, við líf og síði þjóðanna, og eins orsakir vissra trúarhugmynda í náttúru áhrifum og lífskjörum. Þetta er einn af aðalkostum bókarinnar. Einnitt með því að þekkja trúarbrögðin frá öllum hliðum, og uppruna þeirra, eftir því sem fong eru á, verður gildi þeirra réttilega metið. Hindurvitni og hjátrú hverar þjóðar verða að koma í ljós alveg einsog hæstu trúarhugsjónir hennar til að hægt sé að dæma trú hennar með sanngírni. Það er aðeins eitt sem getur brugðið réttu ljósi yfir trúarbrögðin, og það er strang vísindaleg rannsókn. Því fer fjærri að hún þurfi á nokkurn hátt að vera því til fyrirstöðu að það góða og háleita í þeim sé viðurkennt; enda viðurkennir höfundurinn það alstaðar.

Óskandi væri að höfundurinn hefði getað varið ofurlítið meira rúmi til að útskýra indversku heimspekina, því í raun og veru er hún miklu merkilegri en trúarbrögð Indverju, sem altaf hafa staðið á fremur lágu stigi hjá alþýðinni, og er jafnvel ennþá fjölgyðistrú, nema hjá mentuðum Indverjum.

Alt sem höfundurinn segir um Gyðingdóminn styðst við nýjstu biblíurannsóknir og sýnir mjög vel framþróun hans frá fyrstu tímum til spámannanna, og afturför hans eftir að lögmálsréttrúnaðurinn komst á. Einnig er kenningum Jesú vel lýst, og greinilega tekið fram á hvaða ritum Nýjatestamentisins sé að byggja er um þær er að ræða. En undarlegt er að höfundurinn skuli helst aðhyllast þá útskýringu á upprisu Jesú, að hann hafi ekki dáið á krossinum, þar sem það er miklu trúlegra, að upprisu-sagan sé bygd á missýningum og munnmælum. Sömuleiðis er ekki áreiðanlegt að Jesús hafi skoðað sig sem Messías, en það er atriði, sem skoðanirnar eru skiftar um.

Bókin hefir mjög mikið af áreiðanlegum fróðleik um öll helztu trúarbrögð heimsins að geyma, sem er settur fram með vísindalegri nákvæmi, en þó svo ljóst að öllum er skiljanlegt. Á stöku stað virðist vera hálf óviðkunnalega að orði komist, en þess ber að gæta, að íslensk tunga er ekki auðug af orðum yfir heimspekileg hugtök.